

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## I. HLUTI

### Félagaréttur

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs:

Félagaréttur (30%)

ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)  
Félagaréttur (30%).

Prófdagur:

6. nóvember 2013

Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls:

4 klst.

Prófblið 4  
vegna þessa  
hluta prófsins,  
(þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn:

Lög og reglugerðir

Fylgiblið: Engin

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

**SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.**

**ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.**

**Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.**

**VANDAÐU FRÁGANG.**

**GANGI ÞÉR VEL.**

## I. Hluti (12%)

### Athugið eftirfarandi:

- Að hver kross vegur 1,0%.
- Að dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.
- Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en þið merkið við.

### 1. Hluthafar í einkahlutafélagi mega fæstir vera tveir.

- ( ) Rétt  
( ) Rangt

### 2. Hlutafélag þarf að hafa fjóra hluti (fjögur hlutabréf) hið minnsta ef hlutafé þess er yfir einum milljarði króna í reiðufé.

- ( ) Rétt  
( ) Rangt

### 3. Ábyrgð á skuldbindingum samvinnufélags ber einungis félagið sjálft.

- ( ) Rétt  
( ) Rangt

### 4. Sameignarfélag getur einungis verið í eigu hlutafélaga (hf.).

- ( ) Rétt  
( ) Rangt

### 5. Í sameignarfélögum bera eigendur persónulega ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélagsins.

- ( ) Rétt  
( ) Rangt

### 6. Við eigendaskipti á hlut í sameignarfélagi tekur nýi félagsmaðurinn (framsalshafi) við réttindum og skyldum gamla félagsmannsins (framseljanda) gagnvart öðrum félagsmönnum.

- ( ) Rétt  
( ) Rangt

### 7. Í vissum tilvikum er heimilt að inna hlutafé af hendi með skuldajöfnuði við kröfu áskrifanda hlutafjár.

- ( ) Rétt  
( ) Rangt

**8. Hlutfjárloforð, það er kröfu félags á hendur áskrifanda um greiðslu hlutfjár, er heimilt að veðsetja, gera aðför í eða framselja.**

- Rétt  
 Rangt

**9. Með ákvæðum í samþykktum hlutafélags má heimila stjórn félagsins að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.**

- Rétt  
 Rangt

**10. Greiðsla hlutar við stofnun hlutafélags má ekki nema minna en nafnverði hans.**

- Rétt  
 Rangt

**11. Skrá má einkahlutafélag hjá Fyrirtækjaskrá ef yfir 50% af heildarhlutafé félagsins er greitt.**

- Rétt  
 Rangt

**12. Hlutafélagi er heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða lán ef um venjulegt viðskiptalán er að ræða.**

- Rétt  
 Rangt

## II. Hluti (18%)

Athugið að úrlausn skal skrifuð á sérstaka próförk sem merkt skal prófnúmeri próftaka.

1. Lýsið því í hvaða tilvikum er heimilt að hækka hlutafé í hlutafélagi (hf.), helstu ástæðum hækkunar og hvernig ákvarðanatöku við hækkunina er háttað. (10%).
2. Fjallið um helstu réttindi og skyldur stjórnarmanna í hlutafélögum (hf.) (8%).